

gjöfum, frjálsum samskotum og m. fl. veitir stjórnin móttöku og leggur við höfuð- **127**
 stólinn. Ennfremur er ætlast til, að stjórn sjóðsins reyni að auka hann, svo sem **6. okt.**
 hún sjer sjer fært, einkum meðan fjármagn hans er lítið. Stjórn hans skal og
 árlega leggja fram endurskoðaðan reikning yfir fjárhag sjóðsins og bera hann
 upp til fullnaðarsamþyktar á aðalfundi Ungmennafjelagsins eða almennum sveitar-
 fundi, komist stjórnin í annara hendur. Oddviti hreppsnefndar lætur kjósa 2
 menn til að endurskoða reikninginn ár hvert.

Sjóðinn skal ávaxta í Landsbankanum.

Fyrir stjórn »Ungmennafjelags Biskupstungna«, 2. apríl 1916.

Ingvar Guðmundsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Árna Fló- **128**
 ventssonar bónda frá Hörgsdal, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráð- **6. okt.**
 herra Íslands 6. október 1916.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Minningarsjóð Árna Flóventssonar bónda frá Hörgsdal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Árna Flóventssonar, og er stofnaður af
 Helga bónda Árnasyni með 300 — þrjú hundruð — krónum, hinn 14. janúar
 1916.

2. gr.

Sjóður þessi skal settur á vöxtu, og aldrei skertur höfuðstóll hans. Hann
 skal aukast af fje því, er börn og barnabörn Árna Flóventssonar kunna að leggja
 í hann, en ekki skal hann vaxa fram úr 15000 — fimtán þúsund — krónum,
 það skal vera hámark hans. Fyrstu tíu árin skal árlega senda ábúanda Hörgs-
 dals 5 krónur af ársvöxtum sjóðsins, en hitt leggjast við höfuðstólinn. Að þeim

128 tíma liðnum skal ábúandinn fá 15 kr., þartil helmingur ársvaxtanna er orðinn 40
6. okt. krónur, en þá skal hálf helft vaxtanna ganga til »Lestrarfjelags Mývetninga«
gegn því skilyrði, að ábúendur Hörgsdals og Stangar hafi endurgjaldslaust frían
aðgang að bókasafni fjelagssins. Úr því helmingur ársvaxtanna nemur 40 krón-
um, ber ábúanda Hörgsdals $\frac{1}{4}$ þeirra, en »Lestrarfjelagi Mývetninga« annar
fjórði hlutinn, uns ársvextirnir nema alls 200 krónum. Þegar sjóðurinn hefir
náð þeim vexti, skal nefnt »Lestrarfjelag« hafa árlegan styrk 50 krónur, en ábú-
andi Hörgsdals hinn hlutann af helft ársvaxtanna, þartil hún hefir náð 150 króna
upphæð. Hærri fjárhæð skal ekki greiða af sjóðnum, fyr en hann hefir náð há-
marki sínu. Þó skal vera undantekning frá þeirri reglu, sbr. 3. gr.

3. gr.

Árið 1951 og 2001, einnig 2051 og síðan á hverjum hundrað ára fresti,
skal veita Mið-Heiðarbúum eins árs vexti sjóðsins. Skulu þeir verja því fje til
nytsamra fyrirtækja hjá sjer, svo sem stofnun lestrarfjelags, skóggræðslu, sam-
göngubóta, jarðræktar eða einhvers þess, er því bygðarlagi má verða til prýðis
og bóta. Geti þeir ekki komið sjer saman um til hvers þessum styrk skuli varið,
skal hann af þeim tekinn og lagður við vexti sjóðsins.

Mið-Heiðarbúar eru: ábúendur Hörgsdals, Stórás, Engidals, Hrappstaða-
sels, Brennáss, Stafnholts, Laugasels og Stangar.

4. gr.

Þegar sjóðurinn hefir náð hámarki sínu, skal ársvöxtum hans skift þannig,
að ábúandi Hörgsdals hljóti $\frac{2}{3}$ hluta þeirra, en Skútustaðahreppur $\frac{1}{3}$ hluta.
Hlut hreppsins skal þannig varið, að »Lestrarfjeleg Mývetninga« njóti árlega 50
króna styrks, gegn því skilyrði, sem tekið er fram í 2. gr., og láti fátæka nám-
fúsa unglunga njóta sömu hlunninda eftir því sem fjelagsstjórn ákveður.

Því, sem umfram verður nefndar 50 krónur, skal varið til að styrkja
fátæka unglunga til menningar: sundnáms, bóknáms o. s. frv., eða þá til styrktar
þeim, sem orðið hafa fyrir framúrskarandi slysum og óhepni í baráttu lífsins.
Skal hreppsnefndin ráða, hverjir þann styrk hljóta, en gæta skal hún allrar sam-
viseu, að hinn umkomulausi verði ekki útundan.

5. gr.

Styrk þeim, er Hörgsdalsábúandi verður aðnjótandi úr sjóðnum, skal fyrst
og fremst varið til að halda heimilisgrafreitnum þar í sómasamlegu standi, borga
vísitásiulaun, halda girðingunni óaðfínanlega við, sjá um, að minnisvarðar gangi
ekki úr sjer, nje annað það, er grafreitnum viðvikur, fari aflaga. Aldrei skal
grafa upp gamalt leiði, heldur færa reitinn út, sem þörf krefur, er leiðum fjölgar

þar. Skyldur skal ábúandi til að halda sem bestri rækt að unt er í grafreitnum 128 og gróðursetja þar þau blóm og víði, sem þrífist geta í þeim jarðvegi. Því fje, sem umfram verður kostnað við grafreitinn, skal varið til túnræktar, túngirðingarviðhalds og hverskonar umbóta, er heimilinu má verða til gagns og fegurðarauka. 6. okt.

6. gr.

Hreppsnefndin í Skútustaðahreppi hefir umsjón sjóðsins, og skal hrepps-fjelagið ábyrgjast, að hann glatist eigi. Hreppsnefndin skal ávaxta sjóðinn á sem bestum vaxtastöðum, helst í Söfnunarsjóði Íslands, eður öðrum jafntryggum stað til vaxta og geymslu.

Hreppsnefndin skal sjá um, að fyrirmælum 5. greinar sje hlýtt. Ber ábúanda Hörgsdals að gefa henni árlega skýrslu um, hvernig hann hefir varið sjóðsstyrknum. Eunnfremur skal hreppsnefndin semja árlega reikning yfir efnahag sjóðsins og senda afrit hans sýslunefndinni í Suður-Þingeyjarsýslu eða þeirri stofnun, sem koma kynni í hennar stað, til eftirlits.

7. gr.

Ef það skyldi koma fyrir, að jörðin Hörgsdalur legðist í eyði, þá ber Skútustaðahreppi helmingur þess styrks, sem heimilt er að veita af sjóðnum. Hinn helminginn skal hreppurinn ávaxta, uns jörðin byggist aftur, og skal því fje þá varið til að endurreisa bygginguna þar; en meðan jörðin er í eyði, skal hreppnum skylt að sjá um sómasamlegt viðhald á grafreit heimilisins. En jafn-skjótt og jörðin byggist aftur, ber ábúanda hennar með rjettu sá styrkur, sem skipulagsskrá þessi heimilar honum hjer að framan, enda sje það sömu skilyrðum bundið.

8. gr.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps skal, er hún hefir tekið að sjer umsjón þá, sem henni er falin með skipulagsskrá þessari, beiðast staðfestingar konungs á hana. Og er það er fengið, skal hún geymd ásamt öðrum skjölum Þingeyjarsýslu hjá sýslumanninum á Húsavík, en afrit jafngilt henni hjá sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

Gjört að Hörgsdal 14. janúar 1916.

Helgi Arnason.